

Hvalfjarðarsveit, kt. 630606-1950, og Faxaflóahafnir sf., kt. 530269-7529, gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um grænar áherslur í starfsemi, uppbyggingu, gatnagerð og frágang lóða á Grundartanga.

1. gr.

Allt frá byggingu Grundartangahafnar hefur hafnarsjóður Grundartangahafnar og ríkissjóður, en síðar Faxaflóahafnir sf. annast landþróun, lóða- og gatnagerð á eignarlandi hafnarinnar á Grundartanga. Samkomulag þetta er gert til þess að undirstrika sameiginlegar áherslur varðandi umhverfismál vegna frekari uppbyggingar og til þess að skilgreina réttindi og skyldur aðila, á grundvelli þess fyrirkomulags sem fylgt hefur verið allt frá árinu 1977. Samkomulag þetta er einnig gert til að samræma markmið Faxaflóahafna sf. og Hvalfjarðarsveitar varðandi framtíðarþróun á Grundartanga.

Samkomulag þetta nær til eignarlands Faxaflóahafna sf. á Grundartanga, sem er afmarkað á meðfylgjandi uppdrætti, merktur A. Uppdrátturinn telst hluti samnings þessa.

Breytist mörk eignarlands Faxaflóahafna sf. á Grundartanga tekur uppdrátturinn sömu breytingum og skal honum breytt með formlegum hætti.

2. gr.

Aðilar samkomulags þessa eru sammála um eftirfarandi:

Að við úthlutun lóða til nýrra fyrirtækja, sem við gerð samnings þessa eru ekki starfandi á Grundartanga á skilgreindum iðnaðarsvæðum, samkvæmt gildandi aðalskipulagi verði gerðar ríkar kröfur til þess að starfsemi nýrra fyrirtækja hafi í för með sér lágmarks umhverfisáhrif, og starfsemi þeirra þess eðlis að hún falli ekki undir flokk A í viðauka 1 um lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000). Þar er tilgreind starfsemi, sem ávallt er háð mati á umhverfisáhrifum og getur þar af leiðandi haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Aðilar eru jafnframt sammála um að auka samstarf við þau fyrirtæki, sem þegar starfa á Grundartanga, í því skyni að ná enn frekari árangri í umhverfismálum. Aðilar eru sammála um að móta stefnu um æskilega nýja starfsemi á svæðinu þar sem umhverfissjónarmið verði höfð að leiðarljósi.

- a. Að ný fyrirtæki á iðnaðarlóðum skili til Faxaflóahafna sf., Hvalfjarðarsveitar og Skipulagsstofnunar umhverfisskýrslu, þar sem fyrirhugaðri starfsemi er ítarlega lýst. Á grundvelli þeirrar skýrslu taki Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit sameiginlega ákvörðun um hvort til úthlutun lóðar komi.
- b. Að Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit eigi með sér formlega samráðsfundi um umhverfismál á Grundartanga og miðlun upplýsinga um þá aðila sem áhuga hafa á úthlutun lóða á svæðinu.

3. gr.

Á grundvelli 5. greinar hafnalaga nr. 27 frá 1993 gerir stjórn Faxaflóahafna sf. tillögu til Hvalfjarðarsveitar um skipulag á eignarlandi Faxaflóahafna sf. á Grundartanga, sbr. viðauka A, og ber kostnað af þeim uppdráttum sem skila skal til sveitarfélagsins. Hvalfjarðarsveit veitir nauðsynleg framkvæmdaleyfi á grundvelli gildandi laga vegna nýrra hafnarmannvirkja, gatna, veitukerfa og annarra framkvæmda sem eru framkvæmdaleyfisskyld. Faxaflóahafnir sf. annast öll samskipti við lóðaumsækjendur og úthlutun lóða, en Hvalfjarðarsveit fer samkvæmt lögum með veitingu byggingaleyfa, úttektir og eftirlit á grundvelli reglna sveitarfélagsins.

4. gr.

Á grundvelli 1. mgr. 6. greinar laga nr. 153 frá árinu 2006 um gatnagerðargjald og 2. tl. ákvæðis til bráðabirgða í sömu lögum annast Faxaflóahafnir sf. á sinn kostnað gatnagerð á eignarlandi hafnarinnar á Grundartanga, lóðagerð og landmótun eins og verið hefur. Undanskilin er vegagerð sem tilheyrir opinberum aðilum skv. vegalögum.

Faxaflóahafnir sf. innheimta lóðagjald (byggingaréttargjald) vegna land- og lóðagerðar við úthlutun lóðar samkvæmt gjaldskrá fyrirtækisins, en ekki verða lögð gatnagerðargjöld af hálfu Hvalfjarðarsveitar á lóðir á Grundartanga.

5. gr.

Á vegum og götum sem Faxaflóahafnir leggja og eiga eru Faxaflóahafnir sf. veghaldari á eignarlandi sínu utan lóða, sbr 3. grein. vegalaga nr. 80 frá 2007. Í því felst m.a. undirbúningur, hönnun, framkvæmdir og fullnaðarfrágangur gatnamannvirkja, s.s. gatna, stíga, og gangstétta á því svæði sem samningur þessi tekur til. Einnig annast höfnin um allar merkingar, lýsingar og götugögn eins og þau eru ákveðin hverju sinni. Fylgt skal í öllu lögum og reglum um umferð og merkingar á þeim götum sem eru fyrir almenna umferð. Nauðsynleg gögn skulu send Hvalfjarðarsveit til samþykktar og löglegrar birtingar.

Útfærsla gatna, stíga og gangstétta skal vera í samræmi við deiliskipulag viðkomandi reits og viðurkennda útfærslu á sambærilegum götum.

Faxaflóahafnir sf. annast allt viðhald og rekstur hafnarmannvirkja og þeirra gatnamannvirkja sem falla undir samning þennan svo sem malbiks-, steypu- og helluviðgerðir, endurmálun og merkingu gatna og gangstétta, viðhald ljósastaura, fegrun og umhirðu á svæðum utan lóða.

Stjórn Faxaflóahafna sf. ákveður lóðaskilmála umfram skilmála skipulags á lóðum og hafnarsvæðum og lóðagjöld sem birt eru í sérstakri gjaldskrá.

6. gr.

Á lokuðum hafnar- og farmsvæðum annast Faxaflóahafnir sf. undirbúning og framkvæmdir í samræmi við aðal- og deiliskipulag eins og verið hefur.

Faxaflóahafnir sf. annast nauðsynleg samskipti við veitufyrirtæki vegna framkvæmda á því svæði sem samningurinn nær til og annast kynningu og samstarf við hagsmunaaðila, sveitarfélagið, íbúa og aðra vegna framkvæmda. Faxaflóahafnir sf. annast útgáfu framkvæmdaleyfa, annarra en þeirra sem sveitarfélagið gefur út og annast samskipti við lögreglu og aðra vegna lokunar gatna eða af öðrum tilefnum sem tengjast efni samningsins.

7. gr.

Faxaflóahafnir sf. skulu veita Hvalfjarðarsveit allar nauðsynlegar upplýsingar um lóðir og lóðaumsóknir og lóðaúthlutanir á því svæði sem samningurinn tekur til. Á fylgiskjali A með samningi þessum eru upplýsingar um þegar samþykktan byggingarrétt lóðarhafa á þeim lóðum sem samningurinn tekur til og upplýsingar um lóðir sem er óráðstafað og byggingarhæfar m.v. dagsetningu samnings þessa.

8. gr.

Faxaflóahafnir sf. eiga og reka dreifikerfi vatnsveitu á Grundartanga sem þjónar fyrirtækjum á svæðinu öðrum en ELKEM Island og Norðuráli ehf. Með vísan til 4. greinar laga nr. 32 frá 2004 um vatnsveitur heimilar Hvalfjarðarsveit Faxaflóahöfnum sf. að reka dreifiveitu á Grundartanga og innheimta gjöld vegna notkunarinnar.

Aðilar eru sameigendur að Vatnsveitufélagi Hvalfjarðar skv. sameignarsamningi dags. 19. maí 2008. Þeir eru sammála um að vinna áfram sameiginlega að nauðsynlegri vatnsöflun vegna Grundartanga. Þeir eru jafnframt sammála um að eiga með sér samstarf og samráð um þróun og uppbyggingu fráveitukerfis á Grundartanga með það að leiðarljósi að innviðir á svæðinu uppfylli til framtíðar þarfir þeirrar starfsemi sem þar er og nýrrar starfsemi.

9. gr.


Samkomulag þetta tekur gildi við undirskrift og gildir þar til annar hvor aðili segir því upp með eins árs fyrirvara eða aðilar verða sammála um breytingar á efni þess.

Hvalfjarðarsveit, 6. maí 2015

Fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar




Skúli Þórðarson, sveitarstjóri




Björgvin Helgason,
oddviti Hvalfjarðarsveitar

Fyrir hönd Faxaflóahafna sf.



Gísli Gíslason, hafnarstjóri



Kristín Soffía Jónsdóttir,
formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal A: Uppdráttur, dags. 6. maí 2015. Grundartangi afmörkun svæðis og yfirlit lóða.

11